

# Fundargerð aðalstjórnar Ungmennafélags Grindavíkur

Fundurinn var haldinn í Gjánni og hófst kl. 17:30 12. sept. 2023

Mættir sjórnarmenn:

Klara Bjarnadóttir , Gunnlaugur Hreinsson, Kjartan Fr. Adolfsson, Bjarni Svavarsson og  
Ásgerður H Karlsdóttir

Mættur starfsmaður

Jón Júlíus Karlsson framkvæmdastjóri

Ákveðið var að halda fund með formönnum allra deilda og ræða æfingagjöld og hvort eigi að óska eftir því við Grindavíkurbæ að tekin verði upp frístundastyrkur og núverandi samning sagt upp.

Formannafundur verður 19. Sept. 2023

Rætt um hversu umhirða um svæðið í kringum Hópið og inni á salernisaðstöðinni er ábótavant til dæmis þrif. Þarf að bregðast við því og tala við þá sem hafa umsjón með því.

Einnig var tekið spjall um starf framkvæmdastjóra vegna uppsagnar Jóns Júlíusar þegar hann var farin af fundinum.

Fundi slitið